

Kirkjuþing 2019

5. mál – Þskj. 5

## T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum  
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af biskupi Íslands  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Digranes- og Hjallaprestaköll, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, sameinist í eitt prestakall, Digranes- og Hjallaprestakall.

### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

### *Greinargerð.*

Í hinu nýja Digranes- og Hjallaprestakalli þjóna sóknarprestur og tveir prestar og hálf stöðugildi prests verður lagt til að auki. Komi ekki fram athugasemdir við það hyggst biskup Íslands skipa núverandi sóknarprest Digranesprestakalls sem sóknarprest í væntanlegu prestakalli og sóknarprest og prest Hjallaprestakalls (50%) sem presta í kallinu. Verður því ein staða prests auglýst þegar sameining hefur öðlast gildi. Gert er ráð fyrir að afgreiða tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2020.

**Sameining þessi öðlast gildi hinn x.**